

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Arnessýslu um sveit- 143
festi þurfaings. Með brjefi, dagsettu 29. f. m., hafið þjer, herra sýslumaður, 15. okt.
 sent hingað erindi hreppsnefndarinnar í Sandvíkurhreppi, þarsem hún áfrýjar
 úrskurði yðar, dags 25. ágúst þ. á., að því leyti sem hann ákveður að Margrjet
 nokkur Jónasdóttir skuli teljast sveitlægt í tjeðum hreppi.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, að stjórn-
 arráðið er yður samdóma um að Margrjet Jónasdóttir hafi eigi unnið sjer sveit
 í hinum forna Stokkseyrarhreppi, heldur sje sveitlæg í fæðingarsveit sinni Sand-
 víkurhreppi, og skal úrskurður yðar því standa óhaggaður.

Úrskurður sýslumanns.

Milli hreppsnefndanna í Sandvíkurhreppi og hinum forna Stokkseyrarhreppi er á-
 greiningur um í hvorum þessara hreppa stúlkan Margrjet Jónasdóttir eigi framfærslurjett.

Margrjet þessi, sem kom frá Eyrarbakka til Reykjavíkur með veikt barn sitt vorið
 eða sumarið 1902, varð þá um haustið að þiggja fátækrastryk í Reykjavík, að upphæð kr.
 57 50 a., sem krafizt er endurgjalds fyrir frá framfærslusveit hennar. Ennfremur hefir fram-
 færslusveit Margrjetar verið krafín um endurgjald fyrir legukostnað barns hennar á Sct. Jó-
 sefsspítala, en barnið var lagt inn á spítalanum 28. febr. 1903 og hefir legið þar síðan.

Eptir skýrslum þeim, sem fyrir liggja, er Margrjet Jónasdóttir fædd í Magnúsfjösum
 í Sandvíkurhreppi 14. des. 1870. Úr þeirri sveit fluttist hún vorið 1891 til Eyrarbakka-
 hrepps (Stokkseyrarhrepps hins forna) og dvaldi þar í samfleytt 9 ár eða til vors 1900, fyrst
 2 ár að Borg og síðan 7 ár í Eyvakoti og Garðbæ á Eyrarbakka, en árið 1900—1901, eða
 10. árið, sem hún hefði orðið að dvelja eða eiga heima í forna Stokkseyrarhreppi til þess að
 vinna sjer þar sveit, virðist eigi verða talið með sveitfestisárum hennar þar í hreppi. Að
 vísu hefir hún skýrt svo frá fyrir rjetti, að hún hafi fengið leyfi Jóns Jónssonar í Steinskoti
 í Eyrarbakkahreppi (forna Stokkseyrarhreppi) til þess að telja þar heimili sitt þetta ár, en
 jafnframt hefir hún borið, að hún hafi hvergi átt ársheimili þetta ár, með því að hún hafi
 eigi treyst sjer til að ílengjast í Steinskoti, eigi dvalið þar eina nótt ög aldrei talið þar heim-
 ili sitt. Jón Jónsson í Steinskoti, sem telur sig fyrirvinnu þar eða vinnumann, hefir kannazt
 við, að Margrjet Jónsdóttir hafi farið þess á leit við sig, að hún fengi að skrifa sig í Steins-
 koti árið 1900—1901, en hinu neitar hann, að hann hafi veitt henni leyfi til þess. Húsmóðir Jóns,
 Margrjet Þóroddsdóttir, búandi í Steinskoti, hefir borið, að Margrjet Jónasdóttir hafi komið á
 heimili sitt vorið 1900 og beðið sig að geyma fyrir sig eitthvað af dóti, sem hún hafði með-
 ferðis, en eigi farið þess á leit við sig, hvorki í það skipti nje endrarnær, að fá að telja
 heimili sitt í Steinskoti. Bæði Jón Jónsson og Margrjet Þóroddsdóttir hafa staðfest framburð
 sinn með eiði.

Eptir því, sem þannig er fram komið, hefir Margrjet Jónasdóttir eigi átt heimili í
 Steinskoti 1900—1901, nje annarsstaðar í hinum forna Stokkseyrarhreppi og hefir því eigi
 unnið sjer sveit í greindum hreppi með óslitinni 10 ára dvöl, og með því að hún hefir held-
 ur eigi unnið sjer sveit annarsstaðar, ber að telja hana sveitlæga í fæðingarhreppi sínum,
 Sandvíkurhreppi og á sá hreppur því að endurgjalda fátækrastryk þann, kr. 57 50, sem hún
 fjekk í Reykjavík haustið 1902 og legukostnað barns hennar á Sct. Jósefsspítala.

Brjef stjórnarráðsins til biskups um viðaukaembættislán 144
handa Rafnseyrarprestakalli. — Samkvæmt tillögum yðar, háæruverð- 1. nóv.

2. dag desembermánaðar 1904.

Reykjavík. — Ísafoldarprentsmiðja.